

Nemendaráð Naustaskóla

7. fundur skólaárið 2011-2012

Dagsetning: 18. maí 2012

Mættir; Pétur Már 9.b, Hrannar Þór 9.b, Uglya 7.b. og Freyr 6.b. ásamt Ágústi skólastjóra.

Dagskrá:

Krónuleit. Ákveðið að prófa hinn stórskemmtilega og frumsamda leik "krónuleit" í frímínútum í næstu viku. Skólastjóri ákveður daginn.

Skjaldbaka. Nemendaráð ítrekaði ósk sína um að keypt yrði skjaldbaka til að hafa í nýbyggingunni. (Athugun skólastjóra hefur síðan leitt í ljós að innflutningur á skjaldbökkum er ólöglegur hér á landi þannig að því miður getur ekki orðið af þessu)

Félagsaðstaða nemenda. Rætt um hvaða aðbúnaði nemendur óska eftir í félagsaðstöðu þeirra frá og með næsta hausti. Helst var rætt um góða stóla, borðtennisborð, puttabretta "park"- borð, leikjatölvu, að þau vildu fá að mála veggi o.fl.

Fótboltamót. Stefnt að fótboltamóti árganga næsta haust haust. Rætt um útfærslur eins og að yngri nemendur fái að hafa fleiri leikmenn en þeir eldri os.frv. Lokaútfærsla bíður nemendaráðs næsta skólaárs.

Lokaball ársins. Ákveðið að hafa aldursskiptingu á dansleik vorhátíðar þannig að 1.-5. bekkur verði á öðru ballinu en 6.-9. bekkur á hinu.

Kosningar. Umræður um kosningar næsta haust. Stefnt er að kosningum þegar ca. 2 vikur eru liðnar af skólaárinu.

Fleira ekki tekið fyrir á þessum fundi.